



## Formannafundur Aftureldingar miðvikudaginn 9. nóvember 2016

---

Haldinn í Vallarhúsi Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Geirarður Long (GL).

Smári Jóhannsson sunddeild, Brynja Georgsdóttir Badmintondeild, Inga Lilja Lárusdóttir Handboltadeild, Guðrún Kristín Einarsdóttir Blakdeild, Sverrir Pálmarsson Knattspyrnudeild, Ásbjörn Jónsson Mfl.kk. Knattspyrnudeild, Guðbjörg Fanndal BUR Knattspyrnudeild, Richard Már Jónsson Tækvondodeild.

Auk þeirra sat Kjartan Þór Reinholdsson framkvæmdastjóri fundinn.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Málefni skrifstofu

Staða framkvæmdastjóra verður auglýst um nk. helgi. Kjartan Þór starfandi framkvæmdastjóri kynnti sig og nýjan opnunartíma skrifstofu sem verður til reynslu og tekur gildi mánudaginn 14. nóvember. Opnunartími verður milli kl. 13 og 16 alla virka daga.

### 2. Erindi

DK kynnti samtökin Erindi en samtökin bjóða upp á ráðgjöf vegna samskiptavanda. Þjónusta þau bæði einstaklinga (foreldra og börn) og skóla. Þau vilja gera þjónustusamning við íþróttafélag sem geta leita til þeirra ef koma upp vandamál. Einfaldur samningur, bjóða upp á 5 tíma ókeypis ráðgjöf og þurfi frekari aðstoð yrði boðinn afsláttur af þeirri þjónustu. Erindi mun einu sinni á önn bjóða upp á námskeið fyrir þjálfara.

### 3. Stefnumótun félagsins

Stefnumótun félagsins rann út 2015. Hugmyndir eru uppi að stjórnir deilda og þjálfarar komi að borði til að móta stefnumótun félagsins til næstu fimm ára. Stefnt er að stefnumótunarfundi í janúar. Stefnumótun er liður í undirbúningi fyrir samningaviðræður við Mosfellsbæ.

### 4. Deildarfundir

Aðalstjórn ætlar að hitta allar deildirnar í næstu viku, fundarboð verða send.

### 5. Íþróttamaður og íþróttakona félagsins

DK minnir á að nú styttest í árslok og ákveðið að athöfn þessu tengd verði haldin 29. desember kl. 18 vonandi í Hlégarði. Umræða var um að deildir mundu samræma viðurkenningar á uppskeruhátíðum deilda, fundað verður aftur um þetta fyrir vorið.

### 6. Nora App

Á dögnum kynnti Ester Nora App fyrir þjálfurum og og formönnum deilda, minnt á gott verkfæri fyrir þjálfara

## 7. Greiðslur fyrir sjúkrakostnað

Sjúkrakostnaður vegna meistaraflokka til umræðu. ÍSÍ endurgreiðir stóran hluta af kostnaðinum eða um 80% úr íþróttaslysasjóði fyrir samningsbundna leikmenn 16 ára og eldri. Kjartan hvetur deildir til að kynna sér vel og nýta þar sem við gætum sparað um 2.000.000 kr á ári með því að nýta þennan kost. Allir sammála um að taka þetta föstum tókum og vísa leikmönnum rétta leið. Skoða þarf hvort aðalstjórn gefi út verklagsreglur. Í framhaldi minnir Kjartan deildir á að nú stýttist í að hægt verði að sækja um ferðastyrki vegna ársins 2016 til ÍSÍ fyrir ferðir á mót í 150 km fjarlæggt eða lengra. Umræða skapast um afreks- og minningarsjóð og Gunna Stína biður um áminningu frá skrifstofu varðandi þessi mál.

## 8. Önnur mál

Formaður kynnir fræðslufyrirlestra frá UMSK og ákveðið að félagið boði á slíka fyrirlestra.

Gunna Stína kynnir öldungamót 28. – 30. apríl 2017. Þá verða öll íþróttamannvirki bæjarins undir og lokuð annarri starfsemi frá fimmtudegi til sunnudags. Kjartan tekur að sér að senda póst á alla formenn deilda til upplýsinga til að tryggja það að enginn misskilningur verði. Handbolti þarf mögulega að finna æfingapláss fyrir meistaraflokk þessa daga. Þetta er gríðarlega stórt verkefni og mikil fjáröflun en þetta eru um 1500 keppendur í 15 liðum sem spila 470 leiki.

Rætt um nýja búninga frá Errea en efnið virðist vera gallað, allt tildregið og hnökrað eftir eina notkun. Þarf að skoða betur.

Formaður kynnir styrk sem félagið sótti um til UMFÍ til að halda hjólanámskeið fyrir börn í vor í samstarfi við Hjólakraft. Í framhaldi var rætt um að taka hjólreiðar inn í félgaið, misjafnar skoðanir viðraðar fyrir víðtækari starfsemi en nú þegar er. Ef bæta á við félagið þarf að fara í þarfagreiningu á aðstöðu þar sem bíða er pottur brotinn til dæmis gólf í sal 3 sem er á undanþágu, aðstaða frjálsíþróttardeildar og knattspyrnudeildar svo eitthvað sé nefnt.

Kjartan bendir á að biðja þjálfara að beina iðkendum í læsta skápa með verðmæti sín.

Gunna Stína bendir á hversu skítug stúkan er í sal 3 og fleiri taka undir að þessum þrifum virðist vera ábótavant. Ábendingum verður komið til viðeigandi aðila.

GL hrósaði Tækvondodeild fyrir mót sl. helgi.

Gunna Stína minnir á Aftureldingarbúðina.

Fundi slitið kl 20.00  
Birna Kristín Jónsdóttir  
(sign).